

Fréttabréf

26. október 2015
2. tbl. skólaárið 2015 — 2016

Ágætu foreldrar og forráðamenn

Nú eru um tveir mánuðir liðnir af skólaárinu og starfið hefur gengið vel. Það er margt spennandi framundan hjá okkur í skólanum, má þar nefna gesti sem við fáum í heimsókn, lestrarátak, valgreinahelgi í byrjun nóvember, foreldrasamstarf, samstarfsdag leik- og grunnskóla, útgáfu starfs- og umbótaáætlunar.

Samstarf heimilis og skóla

Við skólann eru starfandi tvö öflug foreldrafélög, sunnan og norðan Fróðárheiðar. Það er skólanum mikilvægt að svo verði áfram. Niðurstöður rannsókna sýna að samskipti foreldra og skóla hafa jákvæð áhrif á skólastarf. Ávinningur samstarfs er meðal annars:

- ✓ Betri líðan barna í skólanum
- ✓ Aukinn áhugi og bættur námsárangur
- ✓ Aukið sjálfstraust nemenda
- ✓ Betri ástundun og minna brottfall
- ✓ Jákvæðara viðhorf foreldra og nemenda til skólans
- ✓ Aukinn samtakamáttur foreldra í uppeldis- og menntunarhlutverkinu

Bæði félögin munu halda aðalfundi sína nú í nóvember og mikilvægt að foreldrar séu reiðubúnir að gefa kost á sér til að sinna þessu mikilvæga hlutverki í þágu skólasamfélagsins. Búið að er manna stjórn sunnan heiðar en eftir að manna norðan heiðar. Við viljum hvetja áhugasama að snúa sér til skólastjóra með framboð sín.

Allir lesa

Síðustu viku í október helgum við læsi og mikilvægi þess að lesa daglega heima og í skólanum. Þessa viku byrjum við hvern dag á lestri, bæði starfsfólk og nemendur. Gestir eru boðnir velkomnir í heimsókn til að lesa með okkur.

Það hefur sýnt sig að læsi nemenda fer hrakandi og alþjóðlegar rannsóknir sýna að um 30% drengja geta ekki lesið til sér til gagns að loknu grunnskólanámi. Við í Grunnskóla Snæfellsbæjar munum á þessu skólaári semja okkur lestrarstefnu og vinna markvisst eftir henni. Til að ná árangri þarf að æfa það sem maður vill bæta og máltækið „æfingin skapar meistarann“ á vel við.

Starfs- og úrbótaáætlun

Þessa dagana eru stjórnendur að leggja lokahönd á starfsáætlun þessa skólaárs og umbótaáætlun í kjölfar ytra mats á skólanum sem framkvæmt var á síðasta skólaári. Báðar þessar áætlanir eru væntanlegar um mánaðamótin og verða sendar í tölvupósti og vistaðar á heimasíðu.

Heilsueflandi grunnskóli

Heilsueflandi grunnskóli er verkefni á vegum Embættis landlæknis og er Grunnskóli Snæfellsbæjar að hefja þátttöku í því.

Tilgangurinn með heilsueflandi skólum

- ✓ Bæta námsárangur
- ✓ Heilbrigðir nemendur eiga betra með að læra en þeir sem sjúkir eru. Frummarkmið skóla er að námsárangur nemendanna verði sem mestur. Framsæknir heilsueflandi skólar leggja mikið af mörkum til þess að skólarnir nái náms- og samfélagsmarkmiðum sínum.
- ✓ Auðvelda aðgerðir til að bæta heilsuna með því að efla þekkingu nemenda á heilbrigði og þjálfá þá í rökhugsun, félagsmálum og framkomu.
- ✓ Í skólanum gefast oft góð tækifæri til að flétta heilbrigðismál og heilsuumræður saman við meginviðfangsefnin, t.d. lestur og reikning, og víkka þannig sjóndeildarhring nemenda.
- ✓ Aðferðir heilsueflandi skóla auðvelda kennurum að útskýra fjölmörg almenn og sérhæfðari atriði í námsefninu og þjálfá nemdendur í að finna lausnir á margvíslegum viðfangsefnum á heimavelli og á heimsvísu.
- ✓ Nemendurnir geta lært og þjálfað sig í ýmsum efnum, bæði handbragði, hugsun og framkomu, og þá líka heilsuhegðun, og allt þetta getur bætt námsgetu þeirra.

Erasmus+ verkefni

Skólinn hlaut styrk frá Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins til þátttöku í verkefninu Healthy Lifestyle for a Hopeful Future sem við þýðum sem Heilbrigður lífsstíll fyrir hamingjuríka framtíð. Í þessu verkefni eru skólar frá sjö löndum: Austurríki, Íslandi, Ítalíu, Póllandi, Spáni, Svíþjóð og Tyrklandi. Þeir nemendur sem eru í verkefninu eru á aldrinum 14-17 ára.

Þetta er þriggja ára verkefni og verður fyrsti verkefnafundurinn hér á landi 27. okt - 1.nóv. en þá munu 15 manns koma í heimsókn í skólann. Við bindum vonir við að þetta nýtist okkur fullkomlega í verkefninu Heilsueflandi grunnskóli og muni auka á fjölbreytni verkefna okkar þar. Við hlökkum til að taka þátt í þessu samstarfi.

Samstarfsdagur leik- og grunnskóla

Mánudaginn 2. nóvember verður samstarfsdagur leik- og grunnskólanna á Snæfellsnesi. Þemað í ár er „Málefni innflytjenda; - áskorun í skólaþjónustu sveitarfélaganna á Snæfellsnesi“. Verða fyrirlestrar og hópavinna þennan dag fyrir starfsólk, stjórnendur skólanna og sveitarstjórnarfólk. Einn af fyrirlesurunum verður Hulda Karen Daníelsdóttir sem gegnir stöðu verkefnastjóra og kennsluráðgjafa, vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál Hún

verður hér hjá okkur daginn eftir til að kynna sér starfið hjá okkur, veita ráðgjöf og funda með starfsfólki og foreldrum nemenda af erlendum uppruna.

Valgreinahelgi

Dagana 6. og 7. nóvember verður valgreinahelgi hjá nemendum í 8.-10. bekk. Nemendur í nemendaráði skólans söfnuðu hugmyndum nemenda að viðfangsefnum og reynt var að koma til móts við óskir þeirra. Veg og vanda af þessum dögum á V. Lilja Stefánsdóttir deildarstjóri í Ólafsvík.

Viðbrögð við óveðri

Í væntanlegri starfsáætlun skólans eru m.a. kynnt viðbrögð við óveðri en þau er lítillega búið að uppfæra. Helsta breytingin er sú að foreldrar eru beðnir um að tilkynna skólanum ef þeir hyggjast halda börnum sínum heima vegna óveðurs. Annars hljóðar greinin svo:

Kennsla er að jafnaði ekki felld niður þótt veður sé slæmt. Það er hins vegar á valdi forráðamanna að meta hvort rétt sé að senda nemendur í skólann enda **tilkynni þeir í skólann þá ákvörðun sína líkt og önnur forföll**. Skólabílstjórar bera ábyrgð á akstri og er það því þeirra að meta hvort veður sé með þeim hætti að öruggt sé að ferðast. Þessa ákvörðun taka skólabílstjórar í samráði við skólastjóra. Í þeim tilvikum er ákvörðun um niðurfellingu aksturs unnin samkvæmt viðbragðsáætlun

Með þessari breytingu höfum við öryggi nemenda að leiðarljósi. Það skapar óvissu um öryggi nemenda ef forföll eru ekki tilkynnt og þeir mæta ekki í skólann.

Fundur í skólanum

Þann 3.11. , klukkan 17:30 verður haldinn fundur í skólanum með kennurum, skólastjórnendum og foreldrum nemenda með íslensku sem annað tungumál. Á fundinum verður fjallað um mikilvægi móðurmáls nemenda, íslenskuna og námið. Einnig verður rætt um leiðir til að efla samskipti og samvinnu skólans og heimila nemenda með íslensku sem annað tungumál. Sérfræðingurinn sem stýrir fundinum talar íslensku og ensku. Pólskur túlkur verður á staðnum

W dniu 3.11 , o godz. 17:30 odbędzie się wspólne zebranie rodziców dzieci z islandzkim jako drugi język oraz nauczycieli i dyrekcji szkoły. Na zebraniu poruszone będą zagadnienia dotyczące nauki oraz znacząca w niej rola języków zarówno ojczystego jak i islandzkiego. Jednocześnie będziemy omawiać sposoby na polepszenie kontaktów i współpracy pomiędzy szkołą, a rodzicami. Specjalista prowadzący zebranie mówi w języku islandzkim, angielskim i polskim.

On 3.11. at 17:30 a meeting will be held for parents of students who are learning Icelandic as a second language. The purpose of the meeting is to discuss the importance of student mother tongues; the Icelandic language; and general studies. We will also discuss ways to support communication between the school and homes of students who are learning Icelandic as a second language. The specialist conducting the meeting speaks Icelandic and English.

Að lokum

Eins og kemur fram í matsskýrslu ráðuneytisins er unnið gæðastarf í Grunnskóla Snæfellsbæjar en jafnframt bent á þætti sem mega betur fara. Þannig verður það áfram, í skólanum verður unnið gott starf en alltaf má gera betur og mikilvægt að þeir sem mynda skólasamfélagið ræði á uppbyggilegan hátt um skólastarfið, hvað má betur fara hjá okkur og hafi hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

Hilmar Már Arason skólastjóri